

6. fundur svæðisskipulagsnefndar, haldinn í gamla Kaupfélaginu í Króksfjarðarnesi, Reykhólahreppi

Miðvikudaginn 8. mars 2017, kl. 16:30-20:00 (tvískiptur fundur) Sent til svæðisskipulagsnefndar 16.3.2017

---

### Fyrri hluti fundar: Fundur svæðisskipulagsnefndar

**Fundarefni:** Umsagnir um greiningarskýrslu og viðbrögð við þeim.

**Fundarfólk:** Aðal- og varafulltrúar í svæðisskipulagsnefnd voru boðaðir til fundarins. Mætt voru: Ingibjörg Emilsdóttir formaður, Haraldur V. A. Jónsson og Ingibjörg Benediktsdóttir frá Strandabyggð; Ágúst Már Gröndal, Áslaug Berta Guttormsdóttir, Karl Kristjánsson og Sandra Rún Björnsdóttir frá Reykhólahreppi; Halla Steinólfsdóttir, Hörður Hjartarson og Jóhannes Haukur Hauksson frá Dalabyggð. Einnig sátu fundinn Andrea K. Jónsdóttir sveitarstjóri Strandabyggðar og Sveinn Pálsson sveitarstjóri Dalabyggðar. Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri Reykhólahrepps boðaði forföll, en í stað hennar mætti Vilberg Þráinsson oddviti.

**Ráðgjafar Alta:** Matthildur Kr. Elmarsdóttir og Björg Ágústsdóttir.

**Fundarstjóri:** Matthildur Kr. Elmarsdóttir.

**Fundarritari:** Björg Ágústsdóttir.

### Framlögð gögn:

- Greiningarskýrsla sem send var umsagnaraðilum 2. febrúar 2017.
- Yfirlit umsagna sem bárust við greiningarskýrslu; samantekt Alta dags. 8. mars 2017.

### Dagskrá:

1. Greiningarskýrslan og umsagnaraðilar.
2. Umsagnir sem bárust og viðbrögð við þeim.
3. Undirbúningur fundarhluta II.

### 1. Greiningarskýrslan og umsagnaraðilar

Matthildur rifjaði upp vinnu sl. vikna og fór yfir tilgang og efni greiningarskýrslunnar. Á 5. fundi sínum þann 11. janúar sl. samþykkti svæðisskipulagsnefnd að kynna greiningarskýrsluna ásamt matslýsingu og senda til umsagnar, skv. 1. mgr. 23. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og skv. 2. mgr. 6. gr. laga um umhverfismat áætlananna nr. 105/2006, að gerðum þeim lagfæringum sem ræddar voru á 5. fundi.

Greiningarskýrslan var send til hátt í 100 aðila með tölvupósti þann 2. febrúar sl. Lista yfir umsagnaraðila er að finna aftast í skýrslunni. Gefinn var þriggja vikna frestur til að koma á framfæri ábendingum og athugasemdum, en möguleiki var þó að lengja þann frest, ef umsagnaraðilar óskuðu.

## 2. Umsagnir sem bárust og viðbrögð við þeim

Þjörg lagði fram og kynnti yfirlit yfir umsagnaraðila og ábendingar þeirra. Þau sem sendu umsögn eru:

- Fjórðungssamband Vestfirðinga, dags. 24.2.2017
- Guðjón D. Gunnarsson, Reykhólum, dags. 15.2.2017.
- Guðrún Alda Gísladóttir, í Fornleifafélagi Barðstrendinga og Dalamanna, dags. 23.2.2017.
- Halla Steinólfsdóttir, Dalabyggð, dags. 24.2.2017.
- Ísafjarðarbær, bæjarráð, dags. 9.2.2017.
- Ísafjarðarbær, skipulags- og mannvirkjanefnd, dags. 1.3.2017.
- Minjastofnun Íslands, minjavörður Vestfjarða, dags. 3.2.2017.
- Náttúrustofa Vestfjarða, dags. 2.3.2017.
- Samgöngustofa, dags. 8.2.2017.
- Skipulagsstofnun, dags. 20.2.2017.
- Skógræktin, dags. 27.2.2017.
- Snæfellsbær, dags. 6.3.2017.
- Valdís Einarsdóttir, f.h. Byggðasafns Dalamanna, o.fl., dags. 23.2.2017.
- Veðurstofa Íslands, dags. 24.2.2017.
- Vegagerðin, dags. 24.2.2017.
- Vesturbyggð, bæjarráð, dags. 22.2.2017.

Ábendingar varða orðalag og upplýsingar um einstakar auðlindir eða umhverfisþætti, s.s. fornminjar, gróður, skógrækt, efnistöku, grunnkerfi, sögur og örnefni. Einnig eru nokkrar ábendingar um áherslu við stefnumótun og atriði sem áhugavert væri að bæta við umfjöllun skýrslunnar eða nýta sem heimildir. Þá var bent á mikilvægi samspils svæðisskipulagsins við ráðgerða áfangastaðaáætlun (e. destination management plan) fyrir Vestfirði.

*Afgreiðsla svæðisskipulagsnefndar: Nefndin felur skipulagsráðgjöfum að vinna úr ábendingum við áframhaldandi mótun skipulagstillögu og senda umsagnaraðilum þakkir og upplýsingar um stöðu greiningarskýrslu og næstu skref við tillögugerðina.*

## 3. Undirbúningur fundarhluta II

Til síðari hluta fundarins er boðið kjörnum fulltrúum í sveitarstjórnnum og tilteknum nefndum og starfsmönnum sveitarfélaganna þriggja sem mest tengjast viðfangsefnum svæðisskipulags. Einnig var boðið fulltrúum frá markaðsskrifstofum og atvinnuráðgjöf landshlutasamtakanna tveggja.

Matthildur sýndi nokkrar glærur úr kynningunni sem farið var yfir á síðari hluta fundarins og minntist á framfylgd svæðisskipulagsstefnunnar, þegar hún verður fullbúin og samþykkt. Hún minnti á að sveitarstjórnirnar þyrftu að huga vandlega að því hvernig þær vilja framfylgja sóknarmarkmiðum og aðgerðum svæðisskipulags. Framfylgdin krefst samvinnu milli sveitarfélaga og samvinnu við aðila í atvinnulífi, og félög og samtök sem vinna með umhverfi og menningu. Hún kynnti grófa hugmynd að stjórnfyrirkomulagi vegna framfylgdar svæðisskipulags, sem gæti hjálpað til við ákvörðun um fyrirkomulag framfylgdar. Þetta verður einnig kynnt fyrir hópnum sem fundar á síðari hluta þessa fundar.

**Þessum hluta fundar slitið kl. 17.05.**

Hluti II. Fundur svæðisskipulagsnefndar með sveitarstjórnnum og nefndum og starfsfólki sveitarfélaganna þriggja sem framfylgd svæðisskipulags snertir einkanlega. Til fundarins var einnig boðið fulltrúum frá markaðsskrifstofu og atvinnuráðgjöf landshlutasamtakanna tveggja á svæðinu.

Hófst kl. 17.10 – slitið kl. 20.00.

**Fundarefni:** Fyrstu drög að stefnu svæðisskipulags, einkum markmið og aðgerðir. Skipulagsmál: ferðaleiðir. Umræður og fyrirspurnir.

**Fundarfólk:** Fundinn sátu eftirtaldir 26 fulltrúar sveitarfélaganna (hér raðað í stafrófsröð) og stofnana, auk ráðgjafa.

- Frá Dalabyggð: Eyjólfur Ingvi Bjarnason, Halla S. Steinólfsdóttir, Hörður Hjartarson, Ingveldur Guðmundsdóttir, Jóhannes Haukur Hauksson, Kristján Ingi Arnarsson (sat einnig fyrir Reykhólahrepp), Ólafur Gunnarsson og Sveinn Pálsson.
- Frá Reykhólahreppi: Ágúst Már Gröndal, Áslaug Berta Guttormsdóttir, Karl Kristjánsson, Vilberg Þráinsson og Sandra Rún Björnsdóttir.
- Strandabyggð: Aðalbjörg S. Sigurvaldadóttir, Andrea K. Jónsdóttir, Ásta Þórisdóttir, Ingibjörg Emilsdóttir, Ingibjörg Benediktsdóttir, Hafdís Sturlaugsdóttir, Haraldur V. A. Jónsson, Jóhann Björn Arngrímsson, María Játvarðsdóttir (sat einnig fyrir Reykhólahrepp) og Matthías Lýðsson.
- Frá SSV – Þróun og ráðgjöf: Ólafur Sveinsson forstöðumaður atvinnuráðgjafar og Margrét Björk Björnsdóttir atvinnuráðgjafi.

**Ráðgjafar Alta:** Matthildur Kr. Elmarsdóttir og Björg Ágústsdóttir.

**Fundarstjóri:** Matthildur Kr. Elmarsdóttir.

**Fundarritari:** Björg Ágústsdóttir.

**Framlögð gögn:**

- Sóknarmarkmið (aðalmarkmið og deilimarkmið) fyrir landbúnað, sjávarnytjar og ferðapjónustu.
- Kort af landnotkun tengdri landbúnaði, ferðapjónustu og sjávarnytjum.
- Kort af ferðaleiðum og áfangastöðum.

**Dagskrá:**

1. Frumdrög að stefnu svæðisskipulags: kynning Alta.
2. Umræður í hópum um áherslugreinarnar þrjár; landbúnað, sjávarnytjar og ferðapjónustu.
3. Skipulagsmál: ferðaleiðir.
4. Samantekt og næstu skref.

## 1. Frumdrög að stefnu svæðisskipulags

Matthildur fór yfir svæðisskipulagsvinnuna. Gefnar hafa verið út tvær megin skýrslur; annars vegar verkefnis lýsing svæðisskipulags, sem auglýst var opinberlega í júní 2016 og jafnframt send til umsagnar fjölmargra aðila. Síðari skýrslan, greiningarskýrsla, gefur yfirlit yfir forsendur, felur í sér lýsingu á svæðinu og setur fram tillögur að áherslum fyrir stefnumótunarhluta vinnunnar. Sveitarfélögin völdu þrjár áherslugreinar atvinnulífs sem þau vildu að vinnan snerist um; sjávarnytjar, landbúnað og ferðaþjónusta. Skýrslan er þess eðlis að þar eru ekki skrifaðar lærdar ritgerðir um hverja áherslugrein eða hverja auðlind/umhverfisþátt, sjá 6. kafla, eða samfélagsþátt, sjá 8. kafla. Nálgunin felst í að draga fram gróft yfirlit yfir stöðu og forsendur, að gefa yfirsýn og skýra samhengið sem til umfjöllunar er. Umfjöllunin er sett fram um hvern þátt á einni opnu, nokkurs konar „póstkort“ sem lýsir því sem einkennir hvern umhverfis- eða samfélagsþátt; hvaða tækifæri eða möguleikar búa í honum og mögulegar áherslur til framtíðar. Tilgangurinn er að ná fram yfirsýn og samhengi fremur en að kafa djúpt í einstaka þætti. Áhersla svæðisskipulagsvinnunnar er að draga fram hvernig þetta getur allt tengst saman og styrkt áherslugreinarnar þrjár.

Matthildur kynnti frumdrög að stefnu svæðisskipulags. Stefnan er sett fram með aðalmarkmiði fyrir hverja áherslugrein; landbúnað, sjávarnytjar og ferðaþjónusta. Fyrir hvert aðalmarkmið eru sett fram nokkur deilimarkmið til að tryggja framfylgd þeirra. Fyrir hvert deilimarkmið eru síðan settar fram aðgerðir og/eða skipulagsstefna sem snýr að landnotkun, grunnkerfum og mannvirkjum.

Drögin sem fyrir liggja eru frumdrög ráðgjafa byggð á greiningarskýrslu, samráðsfundum sem fram hafa farið til þessa og ábendingum sem borist hafa.

Með framsetningunni er leitast við að ná góðri yfirsýn yfir viðfangsefnin, draga fram skýran „fókus“ á nálgun stefnunnar og gæta þess að gott og rökrænt samhengi sé úr greiningu svæðis, við framtíðarsýn, yfir í markmið og aðgerðir.

Björg kynnti markmið og aðgerðir fyrir landbúnaðarhlutann, Matthildur fyrir sjávarnytjar og ferðaþjónustu.

Matthildur fór því næst yfir tillögur í framlögðum drögum að ferðaleiðum og mismunandi framsetningu þeirra. Hún útskýrði hvaða ákvarðanir þurfi að taka á svæðinu í tengslum við framsetningu ferðaleiða.

## 2. Umræður í hópum um áherslugreinarnar þrjár; landbúnað, sjávarnytjar og ferðaþjónusta

Að kynningu lokinni skipti fundarfólk sér í þrjá hópa og ræddi hver hópur framlögð drög að markmiðum og aðgerðum fyrir eina af áherslugreinum svæðisskipulagsins. Fyrir hópana var lagt að ræða m.a. hvað þeim fyndist vanta inn í tillögur að markmiðum og aðgerðum fyrir áherslugreinina, hvort og þá hverju væri ofaukið og ennfremur að koma með ábendingar um breytingar á orðalagi, ef þeim þætti ástæða til.

### 3. Skipulagsmál: ferðaleiðir

Hópunum var úthlutað verkefnum og falið að ræða stuttlega um (a) helstu áfangastaði og áningarstaði, skv. kynningu og framlögðu korti af ferðaleiðum, (b) Vesturáttuna, ferðaleið fyrir akandi umferð og (c) framfylgd svæðisskipulags sem Matthildur hafði rætt í kynningu sinni.

### 4. Samantekt og næstu skref

Í lokin gerðu fulltrúar úr hverjum umræðuhópi grein fyrir helstu niðurstöðum hópanna. Ritari tók niður efni kynninga og ábendingar sem bárust annars á fundinum.

Matthildur útskýrði næstu skref; tekin verður saman fundargerð og knöpp samantekt úr umræðum fundarins og frétt birt á vef verkefnisins. Auk þess verður efniviður umræðnanna nýttur í áframhaldandi vinnu við mótun stefnu svæðisskipulagsins. Matthildur þakkaði fundarfólki góðan fund og umræður.

Andrea sveitarstjóri Strandabyggðar og Jóhannes Haukur oddviti Dalabyggðar þökkðu sömuleiðis fundarfólki fyrir góðan og gagnlegan fund. Í máli þeirra kom fram að þau eru ánægð með að vinnan hafi leitt til gagnlegra samræðna milli sveitarfélaganna, bæði um viðfangsefni svæðisskipulagsins, en einnig ræði sveitarfélögin sín á milli um ýmis fleiri sameiginleg verkefni og hagsmunamál. Svæðisskipulagsvinnan sé áhugaverð og muni án efa hjálpa sveitarfélögunum að takast á við verkefni framtíðarinnar. Fundarfólk var hvatt til að segja sveitungum sínum frá svæðisskipulagsverkefninu og viðfangsefnum þess.

Fundi slitið kl. 20.00

Fylgiskjal með fundargerð: Yfirlit yfir umsagnir sem bárust um greiningarskýrslu.